



ÍBÚÐARSVÆÐI Í SÓLBERGI, SVALBARÐSSTRANDARHREPPI

GREINARGERÐ OG UMHVERFISMATSSKÝRSLA

ÚTGÁFA 1.1

14. júní – 2022



EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	2
2	Forsendur	3
2.1	Skipulagssvæðið	3
2.2	Helstu einkenni og aðstæður	3
2.3	Skipulagsleg staða	3
2.4	Aðrar forsendur	6
3	Markmið	7
4	Skilmálar	8
4.1	Byggðarmynstur og byggingar	8
4.2	Lóðir	8
4.3	Samgöngur	8
4.3.1	Samgöngukerfi og umferðarmannvirki	8
4.3.2	Stæði fyrir bíla og önnur farartæki	8
4.3.3	Fjarlægð milli bygginga og vega	8
4.3.4	Helgunarsvæði og hindrunarfletir samgöngumannvirkja	9
4.4	Náttúruvá	9
5	Umhverfismatsskýrsla	10
5.1	Inngangur	10
5.2	Áherslur og aðferðafræði	10
5.3	Grunnástand	10
5.4	Umfang	10
5.5	Umhverfismat	12
5.5.1	Vistkerfi	12
5.5.2	Hagrænir og félagslegir þættir	13
5.5.3	Landslag – náttúrulegt landslag	13
5.5.4	Umfang umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerðir	13
5.6	Vöktun	13
5.7	Samantekt	13
6	Samráð og kynning	14
6.1	Umsagnaraðilar	14
6.2	Tíma og verkáætlun	14

1 INNGANGUR

Greinargerð með deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði í landi Sólbergs er hluti af deiliskipulagi ásamt uppdrætti nr. A-001 eftir AVH ehf. og umhverfismatsskýrslu (í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021).

Deiliskipulagið er unnið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 á grunni Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020.

Markmið með gerð deiliskipulags, auk almennra markmiða skv. 1.1. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru samkvæmt gr. 5.1.1. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013:

- a. að við skipulag svæða og hönnun mannvirkja sé tekið mið af lýðheilsu, fagurfræði, hagkvæmni, vistkerfi og þeim arfi sem felst í náttúru, landslagi, sögu og menningu svæðis;
- b. að aðgengi allra að mannvirkjum sé tryggt og að sérstakt tillit sé tekið til þarfa barna, fatlaðra og aldraðra við tilhögun og hönnun mannvirkja og almenningsrýma.

2 FORSENDUR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Til stendur að skipta landi Sólbergs ofan Þjóðvegur í 4 landspildur. Skipulagssvæðið nær til þriggja landspildna, eða um 10,16 ha svæði. Gerðar verða tvær lóðir í landspildu 2. Deiliskipulagsreiturinn nær að veghelgunarsvæði Grenivíkurvegar.



Mynd 1 Skýringarmynd af skipulagssvæðinu.

2.2 HELSTU EINKENNI OG AÐSTÆÐUR

Það má segja að svæðið skiptist í tvö svæði landfræðilega, neðra og efra svæði. Túnrækt er á báðum svæðum í dag og er gert ráð fyrir að þeim verði áfram haldið í rækt utan þess sem fer undir hús og heimreiðar. Hann mun halda því áfram meðfram nýjum húsum eins og er gert við Sólberg 1 og Hyrnu. Neðra túnið er nokkuð bratt og svo er klettabelti sem aðgreinir neðra svæðið frá efra. Efra túnið er í minni halla en það neðra. Efst á svæðinu, austast, er enn annað klettabelti sem aðskilur svæðið frá jörðinni Geldingsá.

2.3 SKIPULAGSLEG STAÐA

Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020. Hér að neðan eru tilgreind tengsl við skipulagið sem og aðrar skipulagsáætlanir.

LANDSKIPULAGSSTEFNA

Í kafla 2.1.1 í Landsskipulagsstefnu kemur fram að „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Deiliskipulagið samrýmist ekki beint þessu markmiði, en þarna er nokkur þyrping húsa og einnig hefur verið deiliskipulagt nokkuð magn nýrra lóða beint neðan við þjóðveginn, og fyrirhuguð íbúðarsvæði ofan við svæðið einnig.


AÐALSKIPULAGS SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2008-2020

Svæðið sem skipulagsverkefnið tekur til er í gildandi aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps skilgreint sem landbúnaðarsvæði L2. Í því felst að vegna staðhátta þyki svæðið ekki hafa sérstakt varðveislugildi sem landbúnaðarland og að á slíku svæði komi til greina að byggja t.d. íbúðarhús. Í skipulagsverkefninu sem nú er fyrir höndum verður afmarkað nýtt íbúðarsvæði á uppdrætti aðalskipulags sveitarfélagsins og skilgreind viðeigandi ákvæði fyrir svæðið í greinargerð.

Hið nýja íbúðarsvæði verður í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um uppbyggingu íbúðarbyggðar utan þéttbýlis, þ.e. að þéttleiki byggðar verði að hámarki 3 hús/ha, íbúðarlóðir að lágmarki 2000 m² að stærð, að lágmarki 20 m á milli byggingarreita og byggingarreitir ekki nær mörkum bújarða og landnotkunarreita en 30 m.

Tillit verður tekið til ákvæða í kafla 4.3.3 í aðalskipulagi um aðgengi að ósnortinni náttúru sem og göngu- og útivistarleiða sem skarast geta við skipulagsvæðið. Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps mun í skipulagsferlinu taka afstöðu til breyttrar notkunar landbúnaðarlands skv. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Í apríl 2021 var staðfest aðalskipulagsbreyting á landi Geldingsár og er deiliskipulag í vinnslu fyrir það svæði.




Mynd 2. Hluti úr aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, með breytingum.

DEILISKIPULÖG Í KRING

Það eru fjögur deiliskipulög í nálægð við svæðið, sjá mynd 4. Ekkert þeirra liggur að svæðinu. Það deiliskipulag sem er næst svæðinu er neðan við þjóðveginn, Sólheimar, sem samþykkt var árið 2016, sjá mynd 5.



Mynd 3. Deiliskipulög nálægt svæðinu.



Mynd 4. Deiliskipulag Sólheima.

2.4 AÐRAR FORSENDUR

FORNLEIFAR

Í skýrslu um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu, sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands fyrir sveitarfélagið (Sædis Gunnarsdóttir, "Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi". Fornleifastofnun Íslands 2005.), eru engir minjastaðir skráðir innan skipulagssvæðisins. Jarðarinnar Sólbergs er í skýrslunni getið í tengslum við tvo minjastaði (SP-006:006 Fjánhús og SP-006:009 Smiðjuhóll). Báðir staðir eru þar staðsettir á túninu neðan við bæinn Geldingsá og eru fjarri skipulagssvæðinu.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

LAGNIR

Um landspildu 2, 3 og 4 og þar af leiðandi um lóðir 1 og 2 liggja stofnlagnir Hv og Kv. Þessar stofnlagnir sinna austurbakka Eyjafjarðar og eru mjög mikilvægar. Einnig er dælustöð vatnsveitu í landspildu 2 og við lóð 1 sem taka þarf fullt tillit til.

Brunahani er til staðar norðan við deiliskipulagssvæðið í um 160 metra fjarlægð.

NÁTTÚRUVÁ

Deiliskipulagssvæðið er á þekktu jarðskjálftasvæði. Því þarf að hanna öll ný mannvirki sem rísa til hliðsjónar af því.

3 MARKMIÐ

AÐDRAGANDI OG TILGANGUR

Landeigendur vilja skipta upp landinu í 4 landspildur og búa til 2 lóðir og 4 byggingarreiti til þess að byggja 4 ný heilsárshús.

ÁHERSLUR OG HELSTU VIÐFANGSEFNI

Áhersla er lögð á að valda sem minnstu raski á landi. Einnig er lögð áhersla á að ný íbúðarhús séu staðsett fallega í landið til að þau njóti þess frábæra útsýnis sem þarna er.

Viðfangsefnin eru að skilgreina veglínu frá núverandi vegtengingu við Sólberg og Hyrnu og að nýjum íbúðarhúsum. Það þarf að afmarka lóðir og setja niður byggingarreiti og skilgreina ákveðna skilmála sem ný byggð þarf að fylgja. Einnig þarf að staðsetja helstu innviði.

MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmiðin með skipulaginu eru að:

1. Afmarka tvær lóðir á landspildu 2.
2. Skilgreina fjóra byggingarreiti og setja skilmála fyrir nýbyggingar.
3. Setja niður grófa hönnunarlínu fyrir nýjan veg

4 SKILMÁLAR

4.1 BYGGÐARMYNSTUR OG BYGGINGAR

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í megindráttum og hæðartölur á landi við mannvirki, bílastæði, skjólveggi og girðingar og annað sem skiptir máli fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Tafla 1. Byggingarreitir og leyfilegt byggingarmagn

Byggingarreitur	Notkun	Stærð á lóð/reit (m ²)	Leyfilegt byggingarmagn (m ²)	Hámarkshæð (m)
B-1	Íbúð	~5.800/625	300	9
B-2	Íbúð	~5.800/537	300	9
B-3	Íbúð	/ 625	300	4,5
B-4	Íbúð	/ 625	300	9

Byggingareiti og leyfilegt byggingarmagn má sjá á uppdrætti. Form bygginga innan byggingarreits er frjálss nema annað sé skilgreint. Hámarkshæð er skilgreind frá yfirborði lands á inngangshæð upp á efsta punkt á þakvirki. Útbyggðir gluggar, svalir og þakkantar mega fara allt að 1,5 m út fyrir byggingarreit, en ekki út fyrir lóðarmörk. Yfirbyggð hjóla- og sorpskýli mega vera utan byggingarreits. Þetta gildir einnig um byggingarreiti við núverandi hús. Nýtingarhlutfall reiknast af A og B rýmum (þó ekki af yfirbyggðum hjóla- og sorpskýlum), ekki af C rýmum.

4.2 LÓÐIR

Tvær nýjar lóðir verða á svæðinu. Almenn skal frágangur lóðar vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við reglugerðir og lög.

4.3 SAMGÖNGUR

4.3.1 SAMGÖNGUKERFI OG UMFERÐARMANNVIRKI

Ekki er gert ráð fyrir nýrri tengingu við Grenivíkurveg, heldur verður gerður nýr vegur út frá heimreið Hyrnu og Sólbergs 1 nálægt gatnamótum við Þjóðveginn. Vegur er hefur leiðbeinandi legu á uppdrætti og gæti breyst lítillaga í loka hönnun á veginum.

Samkvæmt kafla 12.1 í Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 þá „skal stofna formlegt eigenda- eða íbúafélag um sameiginlegan rekstur. Til sameiginlegs reksturs telst rekstur og viðhald gatna, þ.m. talinn snjómokstur, að- og fráveitukerfis eftir því sem við á í hverju tilviki, götulyking og annað það sem sameiginlegt getur talist. Aðild að slíku félagi skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi lóðir.“

4.3.2 STÆÐI FYRIR BÍLA OG ÖNNUR FARARTÆKI

Fjöldi bílastæða innan lóðar skal miðast við skilyrði í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og skulu bílastæði anna þeirri starfsemi sem verður á lóðinni á mestu annatímum. Bílastæði hafa leiðbeinandi legu á uppdrætti og gætu breyst lítillaga í loka hönnun á byggingum.

4.3.3 FJARLÆGÐ MILLI BYGGINGA OG VEGA

Skv. d- lið 5.3.2.5. gr. Skipulagsreglugerðar skal ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús utan þéttbýlis nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Það eru byggingar báðu megin veginn við hliðin á svæðinu sem eru rétt rúmlega 30 m frá miðlínu vegarins. Nýr reitur í aðalskipulaginu er settur í 50 m fjarlægð og byggingarreitur B-2 er í rúmlega 60 m fjarlægð frá miðlínu vegarins.

4.3.4 HELGUNARSVÆÐI OG HINDRUNARFLETIR SAMGÖNGUMANNVIRKJA

Grenivíkurvegur (83) er stofnvegur og því almennt gert ráð fyrir 30 m veghelgunarsvæði, skv. 32 gr. Vegalaga nr. 80/2007.

4.4 NÁTTÚRUVÁ

Deiliskipulagssvæðið er á þekktu jarðskjálftasvæði og því verður að taka mið af því við hönnun á nýjum mannvirkjum.

Mynd 5. Deiliskipulag Sólheima.



Mynd 6. Skýringarmynd. Svona gæti svæðið litið út samkvæmt deiliskipulagi.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

5.1 INNGANGUR

Þessi umhverfismatsskýrsla er gerð í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sem hluti af deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði í Sólbergi samkvæmt aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020.

Markmið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana, og að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana.

Megintilgangur umhverfismatsskýrslunnar er að greina annars vegar frá helstu umhverfisáhrifum sem deiliskipulagstillagan gæti leitt til og hins vegar mótvægisáðgerðum og tillögu um vöktun ef þörf er á. Markmið matsvinnunnar er meðal annars að sýna fram á að við gerð deiliskipulagsins hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið, byggt á fyrirliggjandi gögnum.

SKIPULAGSLEG STAÐA

Sjá kafla 2.3

5.2 ÁHERSLUR OG AÐFERÐAFRÆÐI

Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana (2007) og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa (2005). Umhverfismatið byggir á vettvangsathugunum og fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis ásamt gögnum sem aflað var vegna fyrirspurnar um matsskyldu.

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum:

1. Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
2. Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa einstaka umhverfisþátta á svæðið.

5.3 GRUNNÁSTAND

STAÐHÆTTIR

Sjá kafla 2.2

ÁN FRAMFYLGÐAR ÁÆTLUNARINNAR

Ef deiliskipulagið tekur ekki gildi þá mun svæðið ekkert breytast frá því sem það er í dag.

5.4 UMFANG

Í upphafi deiliskipulagsgerðar var lagt mat á hvaða umhverfisþætti væri nauðsynlegt að skoða með tilliti til umhverfisáhrifa, hversu ítarlegt matið skyldi vera og hvaða viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar.

Metin voru þau stefnumið (framkvæmdaþættir) sem talin voru líkleg til að hafa áhrif í mati á umhverfisáhrifum.

Þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar verða einnig metnir. Við val á umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til viðfangsefna deiliskipulagsins og umhverfisaðstæðna á áætlunarsvæði.

FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Framkvæmdaþættir eru þær framkvæmdir sem farið verður í samkvæmt deiliskipulaginu sem geta haft áhrif á umhverfi. Sem dæmi má nefna byggingarframkvæmdir, jarðrask og aðrar athafnir af mannavöldum.

Þeir hlutar skipulagsins sem valda helst áhrifum á umhverfið, annað hvort neikvæðum eða jákvæðum, er

- Vegagerð um svæðið
- Uppbygging mannvirkja

UMHVERFISÞÆTTIR

Samkvæmt leiðbeiningariti frá Skipulagsstofnun (2005) geta umhverfisþættir verið flokkaðir í átta mismunandi flokka. Þeir umhverfisþættir sem skipulagið gæti helst haft áhrif á eru:

- Vistkerfi
- Hagrænir og félagslegir þættir
- Landslag

Fjallað er um viðeigandi umhverfisþætti hér á eftir.

UMHVERFISVIÐMIÐ

Í deiliskipulaginu eru ákveðin umhverfisviðmið lögð til grundvallar. Þau umhverfisviðmið sem notuð eru við umhverfismat hvers umhverfisþáttar fyrir sig eru listuð hér að neðan í töflu 2. Önnur viðmið sem höfð voru til hliðsjónar auk aðalskipulags Grýtubakkahrepps 2010-2022 voru:

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

Tafla 2. Umhverfisviðmið sem notuð eru við umhverfismat hvers umhverfisþáttar.

Umhverfisþættir	Stefnuskjöl og viðmið
Vistkerfi	Náttúruminjaskrá, 7. Útgáfa, 1996, með síðari viðbótum Náttúruverndaráætlun Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
Hagrænir og félagslegir þættir	Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
Landslag	Náttúruminjaskrá, 7. Útgáfa, 1996, með síðari viðbótum Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020

VÆGI UMHVERFISÁHRIFA

Vægi umhverfisáhrifa er mælikvarði (huglægur eða mælanlegur) á umhverfisáhrif, til dæmis hvort þau eru talin óveruleg, talsverð eða veruleg. Vægið er metið samkvæmt viðmiðum í 10. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Framsetningin er í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana.

Tafla 3. Vægi umhverfisáhrifa.

Vægi / einkunn	Skýring
++	Verulega jákvæð
+	Talsvert jákvæð
0	Óveruleg
-	Talsvert neikvæð
--	Verulega neikvæð
?	Óvissa


5.5 UMHVERFISMAT

Hér verður fjallað um þau áhrif sem framfylgd deiliskipulagsins gæti haft á ákveðna umhverfisþætti.

5.5.1 VISTKERFI

Aðal vistgerðin og sú sem langmesta raskið verður á er tún og akurlendi (L14.2). Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunnar Íslands má einnig finna á deiliskipulagssvæðinu: L10.3 Starmóavist, L9.6 Língresis- og vingulsvist, L9.4 Snarrótarvist, L9.7 Blómgresisvist, L8.6 Runnamýravist á láglandi, L9.5 Grasengjavist, L5.3 Hraungambravist, L8.9 Starungsmýravist, 10.8 Lyngmóavist á láglandi, og L10.2 Flagmóavist.

Vistgerðir í verndarflokki eru í mjög litlu magni og lítið sem ekkert verður gengið á þær vistgerðir. Því eru áhrifin talin vera óveruleg.



Áhrif	Skýring	Vöktun
0	Vistgerðir í verndarflokki eru í mjög litlu magni og lítið sem ekkert verður gengið á þær vistgerðir.	Svalbarðsstrandarhreppur

5.5.2 HAGRÆNIR OG FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Gert er ráð fyrir fjórum heilsárshúsum og nýjum vegi að þeim. Félagslega er gott að fá fleiri íbúa á svæðið. Efnisleg verðmæti í nýjum mannvirkjum, svo sem innviðum og nýbyggingum verður nokkuð. Áhrifin eru talin óveruleg.

Áhrif	Skýring	Vöktun
0	Fleiri íbúar á svæðið og nokkur efnisleg verðmæti í mannvirkum.	Svalbarðsstrandarhreppur

5.5.3 LANDSLAG – NÁTTÚRULEGT LANDSLAG

Svæðið er töluvert byggt af dreifðri íbúabyggð. Ásýndin mun ekki breytast mikið við þau hús sem bætast við samkvæmt þessu deiliskipulagi. Áhrifin eru því talin óveruleg.

Áhrif	Skýring	Vöktun
0	Nokkuð um dreifða íbúabyggð er fyrir á svæðinu, ásýnd breytist því ekki mikið.	Svalbarðsstrandarhreppur

5.5.4 UMFANG UMHVERFISÁHRIFA OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Neikvæð umhverfisáhrif eru ekki metin mikil og ekki er að sjá að samlegðaráhrif verði neikvæð.

5.6 VÖKTUN

Eins og fyrr segir þá eru neikvæð áhrif ekki mikil en það verður að vera vöktun engu að síður. Það er ábyrgð Svalbarðsstrandarhrepps að vakta alla þætti í samræmi við deiliskipulagið, almenn vöktun á framkvæmdatíma.

5.7 SAMANTEKT

Þeir hlutar skipulagsins sem valda helst áhrifum á umhverfið, annað hvort neikvæðum eða jákvæðum, er vegagerð um svæðið, uppbygging mannvirkja. Þeir umhverfisþættir sem skipulagið gæti helst haft áhrif á eru: vistkerfi, hagrænir og félagslegir þættir, og landslag.

Aðal vistgerðin og sú sem landmesta raskið verður á er tún og akurlendi (L14.2). Vistgerðir í verndarflokki eru í mjög litlu magni og lítið sem ekkert verður gengið á þær vistgerðir. Félagslega er gott að fá fleiri íbúa á svæðið. Efnisleg verðmæti í nýjum mannvirkjum, svo sem innviðum og nýbyggingum verður nokkuð. Svæðið er töluvert byggt af dreifðri íbúabyggð. Ásýndin mun ekki breytast mikið við þau hús sem bætast við samkvæmt þessu deiliskipulagi.

	Vistkerfi	Hagrænir og félagslegir þættir Félagslegt umhverfi – Byggð og efnisleg verðmæti	Landslag
	Vistgerðir		Náttúrulegt landslag
Áhrif	0	0	0

6 SAMRÁÐ OG KYNNING

Við gerð deiliskipulagsins skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Það skal gert með virku samráði gegnum allt skipulagsferlið. Sérstaklega skal þess gætt að unnt sé að framfylgja kröfum sem gerðar eru í lögum og reglugerðum. Samráð skal haft við umsagnaraðila og aðra sem eftirlitsskyldur kunna að hafa með málefnum sem skipulagið fjallar um.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga var skipulagslýsingin tekin fyrir í sveitarstjórn. Hún var auglýst og meðal annars aðgengileg á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps <https://www.svalbardstrond.is/>. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Norðurorku og Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið verður kynnt samkvæmt 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga og auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga. Samhliða verður breytingar á aðalskipulaginu kynntar samkvæmt 36. gr.

Eftir að deiliskipulagið hefur verið samþykkt af bæjarstjórn verður samantekt um málsmeðferð ásamt athugasemdum og umsögnum um þær send til Skipulagsstofnunar samkvæmt 42. gr. skipulagslaga. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins verður birt í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni endanlegri afgreiðslu bæjarstjórnar á tillögnum.

Þeim sem hafa athugasemdir við deiliskipulag þetta eða ábendingar, sem þeir vilja koma á framfæri, er bent á að senda þær til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólalatröð 9, Hrafnagilshverfi 605 Akureyri, eða í tölvupósti á sbe@sbe.is

6.1 UMSAGNARAÐILAR

Helstu umsagnaraðilar er eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Norðurorka
- Rarik
- Eyjafjarðarsveit
- Grýtubakkahreppur
- Akureyrarbær

6.2 TÍMA OG VERKÁÆTLUN

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

Október 2021	Skipulagslýsing gerð.
Nóvember 2021	Skipulagslýsing samþykkt í sveitarstjórn og kynnt fyrir almenningi og hagsmunaaðilum (3 vikur). Send til Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.
Nóvember - desember 2021	Deiliskipulag mótað með uppdretti, greinargerð og skilmálum.
Desember 2021	Hugmynd að deiliskipulagi kynnt samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
Desember 2021	Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.
Desember 2021 - Janúar 2022	Tillaga í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.
Febrúar 2022	Tillaga tekin aftur fyrir á fundi sveitarstjórnar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.
Febrúar 2022	Tillaga samþykkt af sveitarstjórn.
Febrúar - mars 2022	Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.